Kópavogur

Til bæjarráðs

Kópavogi, 12. nóvember 2026
26111148/005.04 JLÓ

Efni: Svar við fyrirspurn um þjónustusamninga Kópavogsbæjar við einkarekin úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda

Á 3271. fundi bæjarráðs dags. 12. nóvember 2026 var lögð fram fyrirspurn um þjónustusamninga Kópavogsbæjar við einkarekin úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda. Á fundinum vísaði bæjarráð fyrirspurninni til umsagnar sviðsstjóra velferðarsviðs. Fyrirspurnin er í átta liðum og eru samandregin svör sett fyrir neðan hvern lið. Í lokin eru teknar saman tillögur velferðarsviðs að eflingu verklags er snýr að innra eftirliti með einkareknum úrræðum en á fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 9. nóvember 2026 var lögð fram greinargerð velferðarsviðs þar sem fjallað var um aðkeypta þjónustu hjá einkareknum aðilum, fyrirkomulag þjónustunnar, kostnað og eftirlit með þjónustunni.

Hvaða þjónustusamninga hefur Kópavogsbær gert við einkaaðila um úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda? Óskað er upplýsinga um viðsemjendur, gildistíma samninga, fjölda barna sem nýta hvert úrræði og hvort úrræðin eru rekin í hagnaðarskyni.

Velferðarsvið kaupir þjónustu af einkareknum þjónustuaðilum þegar sérhæfðar eða umfangsmiklar þjónustuþarfir barna og fjölskyldna kalla á slíkt fyrirkomulag. Undanfarin ár hefur verið samið við Klettabæ, Hrafnkötlu, Ylfu og Vinakot. Þjónustan er mismunandi eftir þörfum hvers barns og fjölskyldu og tekur meðal annars til búsetu eða tímabundinnar dvalar utan heimilis, skammtímadvalar, hvíldardvalar og sérhæfðrar ráðgjafar, þjálfunar og stuðnings á heimili. Formlegir samningar eru gerðir um aðkeypta þjónustu fyrir hvern einstakling og ræðst gildistími þeirra af eðli og þörfum í hverju máli.

Meðfylgjandi tafla sýnir alla samninga sem hafa verið í gildi á árinu 2026 við einkarekna þjónustuaðila vegna barna og einstaklinga með fjölþættan vanda. Hver lína í töflunni samsvarar einum einstaklingi og sýnir þann þjónustusamning sem gerður hefur verið vegna viðkomandi. Að auki hafa verið gerðir samningar við Ylfu vegna þjálfunar, ráðgjafar og stuðnings á heimilum 12 fjölskyldna með rúmlega 30 börn. Í þeim málum er þó ekki í öllum tilvikum um börn með fjölþættan vanda að ræða.

Þjónustuaðili	Tegund þjónustu	Gildistími
Hrafnkatla	Skammtímadvöl	1.3.2026 — endurmat árlega
Hrafnkatla	Ráðgjöf og stuðningur heim	1.10.2026 - 31.12.2026
Hrafnkatla	Tímabundin búseta	4.5.2026 - 20.7.2026
Hrafnkatla	Búseta - samningur við BOFS	1.1.2026 - 31.12.2026
Hrafnkatla	Ráðgjöf og stuðningur heim	1.7.2026 - 30.9.2026
Hrafnkatla	Ráðgjöf og stuðningur heim	1.8.2026 - 31.12.2026
Klettabær	Skammtímadvöl	30.4.2026 - 31.12.2026
Klettabær	Búseta 18+	23.8.2024 — endurmat árlega
Klettabær	Búseta 18+	18.10.2025 — endurmat árlega
Klettabær	Skammtímadvöl	17.9.2025 - 28.2.2027
Klettabær	Frístund 16+	15.8.2024 - 31.8.2026
Klettabær	Búseta - samningur við BOFS	29.6.2026 - 31.12.2026
Klettabær	Hvíldardvöl	1.10.2025 - 15.5.2027

Velferðarsvið velur þjónustuaðila fyrst og fremst út frá stuðningsþörfum barna og fjölskyldna hverju sinni. Þegar viðeigandi úrræði á vegum ríkis eða sveitarfélags eru ekki tiltæk eða mæta ekki þörfum barns eða ungmennis er kannað hvaða sérhæfða þjónusta stendur til boða hjá öðrum þjónustuaðilum.

Á undanförnum árum hefur úrræðunum fjölgað í takt við þá miklu og brýnu þörf sem er á sérhæfðum vistunar- og búsetuúrræðum fyrir börn og ungmenni en sveitarfélög eiga ekki að starfrækja slík úrræði heldur er það á ábyrgð ríkisins og Barna- og fjölskyldustofu að sjá til þess að tiltæk úrræði séu til staðar sbr. 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá eru viðkomandi þjónustuaðilar reknir í formi einkahlutafélags eða sameignarfélags. Velferðarsvið hefur ekki upplýsingar um hvort eða að hvaða marki hagnaður er tekinn út úr rekstrinum.

Hver var heildarkostnaður Kópavogsbæjar vegna þessara samninga árin 2023, 2024 og 2025, hver er áætlaður kostnaður árið 2026 og hvað er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2027?

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir heildarkostnað Kópavogsbæjar vegna samninga við einkarekna þjónustuaðila um úrræði og þjónustu fyrir börn, fjölskyldur og einstaklinga árin 2023—2026. Tölur fyrir árið 2026 miðast við tímabilið janúar til október og eru því ekki áætlun um kostnað ársins í heild.

Umfang aðkeyptrar þjónustu á velferðarsviði er breytilegt milli ára og ræðst af eðli þeirra mála sem unnið er að hverju sinni og þjónustuþörfum viðkomandi einstaklinga. Á bak við hvern þjónustulið geta verið mismörg börn, einstaklingar eða fjölskyldur og verulegur munur er á umfangi og lengd þjónustunnar, allt frá afmarkaðri ráðgjöf eða hvíldardvöl til langtímabúsetu.

	2023	2024	2025	2026
Vinakot			25.510.494	
Klettabær	323.719.454	533.225.248	628.133.243	506.982.311
Hrafnkatla			46.425.500	256.327.050
Ylfa	3.938.983	560.000 kr.	2.943.750	42.620.700
Samtals	327.658.437	533.785.248	703.012.987	805.930.061

Fjárhæðirnar sýna brúttókostnað Kópavogsbæjar. Ekki hefur verið tekið tillit til þess fjármagns sem Kópavogsbær fær á grundvelli samninga við Barna- og fjölskyldustofu vegna þjónustu við börn á árinu 2026 né framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlað fólk á grundvelli SIS-mats.

Ekki er gerð sérstök fjárhagsáætlun fyrir þessa samninga sem afmarkaðan kostnaðarlið. Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu er áætlaður og bókfærður á viðeigandi bókhaldslykla eftir eðli þeirrar þjónustu sem veitt er, svo sem vistunarkostnað, tilsjón og stuðnings- og stoðþjónustu. Því liggur ekki fyrir sérstök heildarfjárhæð í fjárhagsáætlun 2027 sem eingöngu tekur til framangreindra samninga.

Hvernig er gjald fyrir þjónustuna ákvarðað og liggja fyrir sundurliðaðar rekstrarforsendur að baki hverjum samningi?

Velferðarsvið óskar eftir verðtilboði í þá þjónustu sem þörf er á áður en gengið er til samninga. Verðtilboðin eru í öllum tilvikum sundurliðuð og byggja á kostnaðarforsendum viðkomandi þjónustu. Sundurliðunin er mismunandi eftir eðli og umfangi þjónustunnar.

Þegar um búsetu- eða vistunarþjónustu er að ræða byggir verðtilboðið á kostnaðaráætlun þar sem meðal annars eru tilgreind laun og launatengd gjöld, auk kostnaðar vegna húsnæðis eða leigu, fæðis, aksturs, afþreyingar og annarra þátta sem tengjast þjónustunni. Þegar um skammtíma- eða hvíldardvöl er að ræða er gjald reiknað hlutfallslega miðað við þann fjölda sólarhringa sem gert er ráð fyrir að þjónustan sé veitt. Þegar þjónustan felst í sérhæfðri ráðgjöf, þjálfun eða stuðningi á heimili barns og fjölskyldu er umfang þjónustunnar áætlað í klukkustundum. Verðtilboð tekur þá mið af áætluðum tímafjölda og tímagjaldi, sem er mismunandi eftir eðli þeirrar þjónustu sem veitt er.

Kópavogur

Þannig liggja sundurliðaðar kostnaðarforsendur að baki samningum, en form og sundurliðun þeirra ræðst af tegund og umfangi þeirrar þjónustu sem samið er um.

Eru í samningunum ákvæði um laun og hlunnindi stjórnenda, arðgreiðslur eða hagnað rekstraraðila, og hefur Kópavogsbær heimild til að kalla eftir ársreikningum og öðrum fjárhagsupplýsingum frá rekstraraðilum?

Nei slík ákvæðir eru ekki í þeim samningum sem velferðarsvið hefur gert. Velferðarsvið hefur heimild til þess að kalla eftir ársreikningum rekstraraðila.

Hvaða kröfur eru gerðar í samningunum um mönnun, menntun og fagþekkingu starfsfólks, og um aðbúnað þess með tilliti til álags og öryggis?

Í kröfulýsingum velferðarsviðs eru gerðar lágmarkskröfur um mönnun, hæfi, menntun og faglega ábyrgð starfsfólks. Gerð er krafa um að þjónustan sé ávallt mönnuð nægilega mörgum starfsmönnum miðað við þjónustuþarfir viðkomandi einstaklings. Þegar um búsetuþjónustu er að ræða er jafnframt gerð krafa um að að minnsta kosti einn starfsmaður með fagmenntun sé til staðar á vökutíma.

Faglegur stjórnandi skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi, stjórnunarreynslu og reynslu af starfi með börnum og ungmennum og fötluðu fólki. Starfsfólk sem sinnir starfsleyfisskyldum sérfræðistörfum skal hafa viðeigandi starfsleyfi og þjónustusali skal hafa yfirsýn yfir menntun, reynslu og þjálfun starfsfólks.

Jafnframt eru gerðar kröfur um viðeigandi þjálfun og endurmenntun starfsfólks, leiðsögn og handleiðslu nýrra starfsmanna, öryggi við framkvæmd þjónustunnar, skráningu slysa og óhappa og viðbrögð við alvarlegum atvikum.

Áður en óskað er eftir tilboði í þjónustu hefur velferðarsvið metið umfang stuðningsþarfar viðkomandi barns eða ungmennis, þar á meðal hvort þörf sé á einfaldri eða tvöfaldri mönnun. Kveðið er á um mönnun í samningi vegna hvers barns eða ungmennis. Með því er leitast við að tryggja að mönnun taki mið af umfangi þjónustunnar, álagi og öryggi bæði þjónustuþega og starfsfólks.

Hvaða kröfur eru gerðar um faglegt starf, svo sem um einstaklingsbundnar áætlanir, skýr endurhæfingarmarkmið og reglulega skýrslugjöf til Kópavogsbæjar um árangur?

Í kröfulýsingum eru gerðar kröfur um einstaklingsmiðaða þjónustu, stuðningsáætlanir, skilgreind markmið og reglulega eftirfylgd. Hvert barn eða ungmenni skal hafa málstjóra

hjá Kópavogsbæ og stuðningsáætlun skal skilað til málstjóra til samþykktar. Samráð skal haft við málstjóra um breytingar á markmiðum og skila skal stöðumati að tilgreindum tíma.

Í núverandi framkvæmd felst fagleg eftirfylgd m.a. í samskiptum við þjónustuaðila, börn/notendur og forsjáraðila, teymisfundum, yfirferð skýrslna og mati á framvindu og markmiðum. Reglulegar skýrslur berast málstjóra og þegar um tímabundna dvöl er að ræða berst skýrsla eftir hverja dvöl.

Tilgangur og markmið með búsetu barns utan heimilis í einkareknum úrræðum getur verið af margvíslegum toga en í flestum tilvikum til að tryggja öryggi barns og annarra. Samkvæmt lögum skulu markmið með allri veittri þjónustu vera vel skilgreind í meðferðaráætlunum skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þegar um er að ræða ungmenni sem náð hafa 18 ára aldri eru markmiðin útfærð í þjónustuáætlun viðkomandi skv. ákvæðum laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Hvernig er eftirliti Kópavogsbæjar með framkvæmd samninganna háttað, hver ber ábyrgð á því og hversu oft fer það fram? Hafa athugasemdir verið gerðar við framkvæmd einstakra samninga, af hálfu Kópavogsbæjar eða Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, og ef svo er, hvernig var brugðist við?

Á sveitarfélaginu hvíla ríkar eftirlitsskyldur þegar kemur að því að tryggja að öll þjónusta uppfylli kröfur um gæði og faglega þjónustu. Kaup á þjónustu einkarekinna aðila leysa Kópavogsbæ ekki undan ábyrgð á því að tryggja að þjónustan sé í samræmi við lög og þær faglegu og stjórnsýslulegu kröfur sem gerðar eru til hennar.

Núverandi innra eftirlit velferðarsviðs með aðkeyptri þjónustu er innbyggt í faglega málastjórn einstakra mála. Það felst meðal annars í samskiptum málstjóra við þjónustuaðila, samskiptum við notendur og forsjáraðila, teymisfundum, yfirferð skýrslna og mati á framvindu og markmiðum þjónustunnar. Hvert barn, ungmenni eða fullorðinn einstaklingur hefur málstjóra hjá velferðarsviði og gert er ráð fyrir að stuðningsáætlanir berist honum til samþykktar og að samráð sé haft við hann um breytingar á markmiðum og stöðumat þjónustunnar. Í sumum tilvikum eru samskipti málstjóra við viðkomandi úrræði daglega í formi símtala og reglulegra heimsókna og er mikil áhersla lögð á öflugt samstarf og samskipti.

Ekki hafa komið upp kvartanir eða óvænt atvik vegna þeirrar þjónustu sem velferðarsvið hefur keypt af umræddum aðilum sem tilkynnt hafa verið til Gæða- og eftirlitsstofnunar (GEV). Velferðarsviði er ekki kunnugt um hvernig ytra eftirliti GEV með þessum aðilum er háttað.

Umboðsmaður Alþingis framkvæmdi í júní 2023 OPCAT-eftirlit í átta einstaklingsbundnum búsetuúrræðum Klettabæjar fyrir börn á aldrinum 13—18 ára með fjölþættan vanda. OPCAT stendur fyrir valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (e. Optional Protocol to the Convention Against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment). Bókunin kveður m.a. á um óháð innlent eftirlit með stöðum þar sem fólk er eða kann að vera frelsissvipt og hefur umboðsmanni Alþingis verið falið að sinna því eftirliti. Í kjölfarið gaf umboðsmaður út heimsóknarskýrslu þar sem ákveðnum tilmælum var beint til Klettabæjar og þeirra sveitarfélaga sem voru með virka samninga við Klettabæ. Bæði Klettabær og Kópavogsbær sendu í kjölfarið inn eftirfylgniskýrslur sem tilgreindu hvernig brugðist var við tilmælum umboðsmanns.

Helsta tækifærið til úrbóta á núverandi fyrirkomulagi innra eftirlits velferðarsviðs er að innleiða samræmt og kerfisbundið úttektarkerfi fyrir alla aðkeypta þjónustu hjá einkareknum þjónustuaðilum sambærilegt því sem innleitt hefur verið í rekstri heimila og starfsstöðva í málaflokki fatlaðs fólks. Velferðarsvið hyggist á næstu vikum innleiða það verklag að í úrræðum einkaaðila þar sem börn, ungmenni og fullorðnir einstaklingar í viðkvæmri stöðu dvelja eða búa fari fram að lágmarki tvær eftirlitsheimsóknir á ári, þar af geti önnur eða báðar farið fram án fyrirvara. Í úttektum verði rætt við þjónustunotendur sjálfa eftir því sem mögulegt er. Sérstaklega verði tryggt að börnum sé gefinn raunhæfur kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með hliðsjón af aldri og þroska.

Hefur verið kannað hvort Kópavogsbær kaupi þjónustu af þeim úrræðum sem fjallað var um í umfjöllun Kveiks, og ef svo er, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar?

Velferðarsvið hefur átt í góðu faglegu samstarfi við þá einkareknu þjónustuaðila sem Kópavogsbær hefur gert samninga við (Klettabær, Hrafnkatla og Ylfa) og hefur ekki sambærilega reynslu af þeim úrræðum líkt og lýst hefur verið í umfjöllun Kveiks. Velferðarsvið telur þó mikilvægt að brugðist sé við varðandi ákveðnar umbætur sem fjallað var um ítarlega í greinargerð sem lögð var fyrir fund velferðar- og mannréttindaráðs þann 9. nóvember 2026.

Samantekt

Þann 19. mars 2025 var skrifað undir ábyrgðar- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málefnum barna og ungmenna með flóknar og umfangsmiklar stuðningsþarfir. Samkomulagið felur það í sér að ríkið tekur yfir ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun sérhæfðar þjónustu fyrir þann hóp barna og ungmenna sem þurfa umfangsmikla þjónustu. Ábyrgðin á þjónustunni hefur ávallt verið á höndum ríkisins en

mjög hefur skort á uppbyggingu viðeigandi úrræða sl. ár og hafa sveitarfélögin því nýtt sér þjónustu einkarekinna úrræða til þess að bregðast við brýnni þörf. Samkomulagið sem vísað er til kveður á um að ríkið taki alveg yfir þjónustuna frá 1. janúar 2027 og byggir á mati sérfræðingateymis í málefnum barna og ungmenna. Sumarið 2026 setti mennta- og barnamálaráðuneytið nýja reglugerð sem fjallar um málsmeðferð vegna barna með fjölþættar og umfangsmiklar stuðningsþarfir en sveitarfélögin hafa gagnrýnt skort á samráði við breytingar sem gerðar voru á reglugerðinni með þeim afleiðingum að hópurinn sem um ræðir en nú afar þröngt skilgreindur og falla því mörg börn og ungmenni ekki að reglugerðinni. Í tilvikum þeirra barna sem eru metin í þörf fyrir sérhæfð vistunar- og búsetuúrræði skv. reglugerðinni, tekur ríkið að sér allan kostnað sem hlýst af vistun barns, en eingöngu ef um sólarhringsbúsetuúrræði er að ræða og fyrirséð að barn geti snúið aftur heim að lokinni vistun.

Í kjölfar umfjöllunar Kveiks þann 27. október sl. óskaði velferðarsvið eftir því við formann og varaformann velferðar- og mannréttindaráðs að málefni einkarekinna úrræða yrðu tekin til sérstakrar umfjöllunar í ráðinu. Markmiðið var að kynna þá þjónustu sem sveitarfélagið kaupir af einkareknum aðilum, gera grein fyrir núverandi fyrirkomulagi eftirlits og leggja fram tillögur um eflingu þess. Tillögunum er ætlað að tryggja að þjónustan uppfylli kröfur um gæði og faglegt starf og sé í samræmi við kröfulýsingar. Jafnframt er þeim ætlað að efla innra eftirlit á grundvelli viðeigandi verklags og reglna og til samræmis við nýja reglugerð um innra eftirlit nr. 818/2026.

Eftirfarandi eru tillögur velferðarsviðs sem lagðar voru fyrir fund velferðar- og mannréttindaráðs þann 9. nóvember sl. Hluti neðangreindra tillagna er þegar kominn til framkvæmda en á næsta fundi ráðsins þann 14. desember n.k. verður ítarleg tímalína lögð fram.

1. Heildaryfirlit yfir aðkeypta þjónustu

Heildaryfirlit yfir alla aðkeypta þjónustu þvert á málaflokka er nú aðeins hjá skrifstofu áhættu og fjárstýringar. Lagt er til að haldið verði miðlægt yfirlit yfir alla samninga við einkarekna þjónustuaðila þar sem fram komi meðal annars hver þjónustuaðilinn sé, tegund þjónustu, málaflokkur, samningstími, kostnaður, ábyrgðaraðili hjá velferðarsviði, leyfisstaða og dagsetning síðustu úttektar.

2. Uppfærðar kröfulýsingar

Gengið verði frá uppfærðum kröfulýsingum fyrir alla helstu flokka aðkeyptrar þjónustu. Kröfulýsing verði áfram hluti af samningssambandi við þjónustuaðila, hún höfð til grundvallar við innra eftirlit og endurskoðuð reglulega.

3. Reglubundnar eftirlitsheimsóknir

Í úrræðum einkaaðila þar sem börn, ungmenni og fullorðnir einstaklingar í viðkvæmdri stöðu dvelja eða búa fari fram að lágmarki tvær eftirlitsheimsóknir á ári, þar af geti önnur eða báðar farið fram án fyrirvara. Í úttektum verði rætt við þjónustunotendur sjálfa eftir því sem mögulegt er. Sérstaklega verði tryggt að börnum sé gefinn raunhæfur kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með hliðsjón af aldri og þroska.

4. Sameiginlegt frávika- og úrbótaferli

Allar úttektir skulu leiða til formlegrar niðurstöðu. Komi fram frávik verði gerð skrifleg úrbótaáætlun með ábyrgðaraðila og tímamörkum.

5. Samstarf sveitarfélaga

Leitað verði eftir áframhaldandi samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um framkvæmd eftirlits, meðal annars með sameiginlegum viðmiðum, gátlistum og eftir atvikum sameiginlegum eða gagnkvæmum úttektum. Málið er þegar komið til umræðu á vettvangi samráðshóps SSH um velferðarmál.

Virðingarfyllst,
f.h. velferðarsviðs

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar

Rafræn skilríki

Undirritað af: Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Tími: 16.11.2026 16:47
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigrún Þórarinsdóttir

Tími: 16.11.2026 16:49
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign